

Ályktun um setningu laga um lagareldi

70. Fjórðungsþing Vestfirðinga að hausti, haldið í félagsheimilinu í Hnífsdal dagana 16.–17. september 2025, fagnar því að frumvarp um lagareldi sé komið á þingmálaskrá og krefst þess að Alþingi ljúki lagasetningunni á komandi þingvetri. Fjórðungsþing Vestfirðinga leggur áherslu á mikilvægi þess að haft sé ríkt samráð við sveitarfélög við vinnslu frumvarpsins.

Mikilvægt er að skapa skilyrði til sjálfbærrar uppbyggingar lagareldis og efla þannig verðmætasköpun, atvinnulíf og byggð í landinu.

Fjórðungsþing Vestfirðinga leggur áherslu á að ný lög um lagareldi taki til endurskoðunar gjaldtöku af fiskeldi. Tryggja þarf að gjaldtaka af fiskeldisfyrirtækjum skerði hvorki samkeppnishæfi þeirra í alþjóðlegu umhverfi né möguleika til aukinna fjárfestinga og vaxtar.

Fjórðungsþing Vestfirðinga leggur áherslu á að fiskeldissveitarfélög gegni lykilhlutverki í að byggja upp og viðhalda innviðum og þjónustu sem rekstur og uppbygging fiskeldis krefst. Því skorar Fjórðungsþingið á stjórnvöld að leggja niður Fiskeldissjóð í núverandi mynd og að framlög renni með beinni og fyrirsjáanlegri hætti til fiskeldissveitarfélaga og að stærri hlutdeild gjaldtöku af fiskeldi renni til nærumhverfisins.